



STJÓRN SSH 431. fundur

Föstudaginn 1. júlí 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, og Ásgerður Halldórsdóttir. Ennfremur tók Bryndís Haraldsdóttir, varamaður í stjórn þátt í fundinum gegnum fjarfundarbúnað.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson, Guðný Ívarsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. **Kjarasamningar við grunnskólakennara** /1504009

Á fundinn mættu Inga Rún Ólafsdóttir frá SNS og Atli Atlason formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar og gerðu grein fyrir stöðu mála í kjölfar nýfелlds samnings við grunnskólakennara.

Umræður

Niðurstaða:

Málið er í hefðbundnu samningaferli og gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu stjórnar SSH á þessu stigi. Áfram verður fylgst með framvindu máls og brugðist við ef þörf krefur á síðari stigum.

2. **Framtíð almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu** /1510007

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Drög að samstarfssamningi milli SSH og Fluglestarinnar þróunarfélags – yfirferð eftir úrvinnslu í kjölfar umræðan á 430. fundi stjórnar /1512003

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi undir þessum lið:

Minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 24. júní 2016

Umsögn Kópavogsbæjar dags 28. júní 2016

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar dags. 27. júní 2016

Umræður

Niðurstaða:

Með vísun í umsagnir Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar er ljóst að ekki eru forsendur til að ljúka samþykkt og undirritun á fyrirliggjandi samningsdrögum. Til að vinna málið áfram samþykkti stjórn eftirfarandi aðgerðir:

- Framkvæmdastjóra falið að afla lögfræðilegs álits í samræmi við fram komnar athugasemdir í umsögnum Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar varðandi heimildir sveitarfélaganna til að undirgangast þær skuldbindingar sem fram koma í samningsdrögum.
- Settur verði á laggirnar sértakur Borgarlínuhópur undir forystu svæðisskipulagsstjóra sem einnig skoðar þá þætti í samningsdrögum er snúa að tengslum hraðlestarinnar við áform um legu og eðli Borgarlínunnar, sbr. m.a. minnisblað svæðisskipulagsstjóra frá 24. júní 2016.



- b) Samningur SSH og Vegagerðarinnar – tímaáætlun og fjármögnun sbr. 430. stjórnarfund frá 20. júní sl.

HÁP fór yfir tillögu að kostnaðaráætlun, nýja tillögu að skiptingu kostnaðar milli samningsaðila í ljósi viðhorfs Vegagerðarinnar sem fram kom á milli funda og tillögu að fjármögnun á hlut SSH/sveitarfélaganna.

Niðurstaða:

Samþykkt að vinna málið áfram á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Áhersla verði lögð á að setja sem fyrst í gang vinnu við markvissa fjölgun forgangsreina, sbr. m.a. minnisblað Strætó bs. frá 15.09.2015.

- c) Samstarf um mótun hjólréiða- og göngustíga á vettvangi SSH í kjölfar málþings 31. maí sl. HÁP gerði grein fyrir máli og upplýsti að í framhaldi af málþinginu hafi verið kallaður saman verkefnahópur sem starfar á vettvangi SSH til að vinna úr niðurstöðum málþingsins. Ennfremur var bent á að málið á sér tengingu við einn lið í samkomulagi SSH og Vegagerðarinnar sbr. lið b) hér að framan.

Umræður

Niðurstaða:

Málið verður unnið áfram í tengslum við þá verklýsingu sem fyrir liggur vegna samkomulags SSH og Vegagerðarinnar, en jafnframt var samþykkt að skoða lagalega stöðu hjólréiða á hjólréiða- og göngustígum, og hvort ástæða sé til að fá inn ákvæði í umferðalög eða önnur úrræði sem duga til að sporna við þeirri hættu sem myndast hefur vegna aukinna hjólréiða á göngu- og hjólréiðastígum.

- d) Samstarf um átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfisins. /1603001
Fyrir lá umsögn Kópavogsbæjar vegna málsins dags. 21. júní 2016

Umræður

Niðurstaða:

Ekki liggur fyrir hvort öll sveitarfélögin verði þátttakendur í verkefninu. Málið verður skoðað frekar að afloknum sumarleyfum.

3. Málefni dagforeldra – erindi frá skólamálanefnd SSH / 1504009

Fyrir fundinum lá tillaga skólamálanefndar frá 26. maí 2016.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH fellst á sjónarmið og ábendingar skólamálanefndar og felur nefndinni að vinna tillögu að reglum og samkomulagi milli sveitarfélaganna í samræmi við fram komnar ábendingar.

4. Endurskoðuð þjónustulýsing og sameiginlegar reglur vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. /1501012

Frestun frá 429. stjórnarfund 2. maí 2016.

Fyrir lá erindi frá formanni samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða / félagsmálastjóra sveitarfélaganna dags. 30. júní 2016, þar sem gerð er grein fyrir einni breytingu á áður framlagðri tillögu að sameiginlegu reglunum, og sameiginlegri tillögu hópsins um að sameiginlegu reglurnar, þannig breyttar verði sendar til staðfestingar hjá þeim aðildarsveitarfélögum sem nú nýta sér sameiginlega akstursþjónustu Strætó bs. sbr. ákvæði samkomulags sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Stjórn SSH samþykkti tillögu hópsins og fól framkvæmdastjóra að senda tillöguna til viðkomandi sveitarfélaga til staðfestingar. Jafnframt samþykkti stjórnin fyrirbyggjandi tillögu að þjónustulýsingu frá 18. maí 2016.



5. Önnur mál:

- a) **Erindi og tillaga frá Mosfellsbæ vegna námsvistar grunnskólabarna utansveitar.**
/1504009
Samþykkt að vísa tillögunni til skólamálanefndar SSH.
- b) **Frá Reykjavíkurborg – Þjóðleið um Svínavatnsskarð, bann við umferð vélknúinna ökutækja.** /1606001
Erindið lagt fram, gefur ekki tilefni til sérstakrar ályktunar stjórnar.
- c) **Frá Reykjavíkurborg; Drög að sameiginlegri viljayfirlýsingu sveitarfélaganna og Rauða krossins vegna málefna umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi.** /1510001
Samþykkt að senda erindið aðildarsveitarfélögunum erindið til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10